

**Ed.**

**670. Nefndarátt**

um frv. til laga um lánsfjelög.

Frá þriðja minni hluta landbúnaðarnefndar.

Það hefir dregist nokkuð, að nefndin afgreiddi þetta mál. Það var afhent landbúnaðarnefnd 22. f. m., en síðan hafa verið hinar mestu þingannir. Jeg hefi t. d. talið mjer skylt að verja því nær öllum tíma mínum til starfa í fjárveitinganefnd.

Jeg lít líka svo á, að þessu frv. liggi ekki svo mjög á, þar sem það kemur fyrst að gagni þegar Búnaðarbankinn er kominn á fót, sem varla verður fyr en á næsta ári. Jeg hygg því, að meiru skifti að vanda til frv. en að flaustra því af á þessu þingi, þar eð það virðist nógu snemt að leiða það í lög næsta ár.

Í meðferð háttv. Nd. hefir frv. tekið allmiklum breytingum, og eru þessar helstar:

1. Nafni frv. er breytt.
2. Rekstrarlánafjelögunum er óheimilað að taka við innlögum bæði frá fjelagsmönnum og öðrum.
3. Gert er ráð fyrir, að fjelögin geti fengið lán beint frá Búnaðarbankanum.
4. Lán frá rekstrarlánafjelögum mega alls ekki standa lengur en 1 ár, til hvers sem þau eru veitt.
5. Vanskil fjelagsmanna, hve litil sem eru, eiga að varða brottrekstri úr fjelaginu skilmálalaust.
6. Lánsstofnunin, sem veitir rekstrarlánafjelaginu lán, á að hafa á hendi alla reikningsfærslu fyrir fjelagið.
7. Rekstrarlánafjelögin mega ekki taka að veði framleiðslutæki nje jarðarafurðir.
8. Lögtaksrjettur á kröfum sveitabankans er feldur niður.

Jeg verð nú að líta svo á, að flestar þessar breytingar sjeu til skemda á frv. og sumar stórkostlega, svo að með öllu sje ófært að samþykkja það óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Einkum tel jeg mjög óverðugt og ástæðulaust að meina þessum sveitabönkum að taka við innlögum með sparisjóðskjörum til útlána meðal fjelagsmanna. Verður ómögulega sjeð, að þeim stafi meiri hætta af slíku sje en öðru lánstje; en vitanlega yrðu sparifjárinnlög með stórum betri kjörum fyrir sveitabankann en lánsfje frá Búnaðarbankanum, sem auk þess hlýtur að verða takmarkað.

Það virðist ekki litilsvirði fyrir sveitarfjelögin, einkum þau, sem eru langt frá stóru bönkunum, að alt sparifje sveitarbúa safnist ekki burt úr sveitinni,

ef til vill í aðra landsfjórðunga, heldur geti starfað að nýtsömum verkum í sveitinni sjálfri.

Hinsvegar þarf varla að óttast, að sparifjäreigendur mundu leggja inn hjá sveitabankaum, nema það sje sæmilega trygg stofnun, þar sem þeir hljóta að hafa svo nán kynni af honum, með því að hann væri í sömu sveit.

Það virðist nauðsynlegt, að aðalreglan sje, að lán sveitabankans standi ekki lengur en 1 ár, og þó verð jeg að telja nauðsyn á, að heimilt sje að veita þau til lengri tíma, ef alveg sjerstaklega stendur á.

Mönnum í fjarlægð er miklu óhentara að útvega sjer smálán frá Búnaðarbankanum, sem þeir geta endurgreitt á 2—3 árum, þó þeim sje ofraun að greiða þau á sama ári.

Þá virðist fullhart að útiloka menn skilmálalaust frá rekstrarlánaafjelagi, þó að þeir vegna veikinda eða annara jafngilda orsaka hafi í eitt skifti ekki getað staðið í skilum. Brottrekstur úr samvinnufjelögum fer alltaf eftir ákvörðun fjelagsfunda, og virðist heppilegast, að eins sje hjer.

Ákvæðið um reikningshaldið virðist miða að því að gera rekstrarlánaafjelögin ósjálfstæðari en ella, sem er mjög illa farið. Heppilegast mun reynast um þessi samvinnufjelög sem önnur, að þau sjeu sem sjálfstæðust og ráði sjer sjálf menn til framkvæmda.

Ekki verður það sjeð, að viðskiftamönnum sveitabankans sje þægilegra að fylgjast með viðskiftum, þó þeir þurfi að sækja vitneskju um það til lánsstofnunar, sem ef til vill er í fjarlægð, heldur en ef þeir geta fengið hana heima í sveitinni eða í næsta kaupúni.

Ekki virðist neitt athugavert við, að menn geti fengið lán gegn veði í stærri búnaðarverkfærum og jarðarafurðum (heyi).

Loks eru framkvæmdastjórn sveitabankans bakaðir að óþörfu afarmiklir örðugleikar með því að fella niður lögtaksrjett þeirra fyrir kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum. Lánin verða að líkum mörg og smá og málarekstur út af innheimtu þeirra tiltölulega dýr.

Af öllu þessu, sem nú er sagt, get jeg ekki lagt til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en vil færa það í sem líkast horf eins og það var lagt fyrir þingið.

Jeg legg því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins »lánsfjelaga« komi: sveitabanka.

Alstaðar annarsstaðar í frv., þar sem orðið »lánsfjelag« stendur, kemur í viðeigandi falli: sveitabanki.

2. Við 4. gr. Á eftir d-lið komi nýr liður:

Sveitabanki tekur við innlögum með sparisjóðskjörum frá utanfjelagsmönnum til útlána handa fjelagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Útlán sveitabanka skulu eigi veitt til lengri tíma en 6 mánaða í einu,

eða með 6 mánaða uppsagnarfresti, og venjulega eigi framlengd lengur en svo, að allur lántíminn verði eitt ár. Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar láni hefir verið varið til að kaupa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja lánið lengur, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Lánin skulu veitt gegn víxlum, skuldabryfum eða í reikningslánsviðskiftum.

4. Við 8. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita nje takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sjerstöðum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

5. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði, nema öðruvisi sje ákveðið í lögum þessum.

6. Við 13. gr. Á eftir orðunum »búpenings síns« í fyrstu málsgrein komi: framleiðslutækja eða jarðarafurða.

7. Við 13. gr. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sveitabankar hafa lögtaksrjett fyrir öllum kröfum á hendur fjelagsmönnum sínum.

8. Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um sveitabanka.

Alþingi, 16. maí 1929.

Jón Jónsson.